

# Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 30. mars 2022

Mál nr. S-24/2021:

## Ákærvaldið

(Eyþór Þorbergsson fulltrúi)

**gegn**

**Y,**

(Einar Oddur Sigurðsson lögmaður)

**X,**

(Unnsteinn Örn Elvarsson lögmaður)

**Z og**

(Jón Egilsson lögmaður)

**Oliver Kristjánssyni**

(Stefán Karl Kristjánsson lögmaður)

## Dómur

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Mál þetta, sem var dómtekið 4. mars sl., var höfðað með ákæru lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, dagsettri 5. janúar 2021, á hendur Y, kt. [...], [...], Reykjavík, X, kt. [...], [...], [...], Z, kt. [...], [...], Húsavík, og Oliver Kristjánssyni, kt. [...], [...], Reykjavík,

„fyrir brot á ávana- og fíkniefnalögum, með því að hafa laugardaginn 1. ágúst 2020, verið með í sameiginlegum vörslum sínum og í söluskyni, 83,31 grömm af amfetamini, 1,35 grömm af maríhúana, 0,20 grömm af kókaíni og 1,35 grömm af tóbaksblönduðu kannabisefni, í airbnb íbúða að [...] á Akureyri, en lögreglan fann efnin í íbúðinni eftir að ákærðu höfðu verði handtekin þar.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, með síðari breytingum og 2. gr., sbr. 14 gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001 með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á efnunum sem lögreglan lagði hald á og tilgreind eru í efnaskrá nr. 44.196, 44.197, 44.198 og 44.199 samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, með síðari breytingum.“

- 2 Ákærða Y krefst vægustu refsingar sem lög leyfa og hæfilegra málsvarnarlauna til handa verjanda.

- 3 Ákærði X krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna til handa verjanda og að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.
- 4 Ákærða Z krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst hún hæfilegra málsvarnarlauna til handa verjanda.
- 5 Ákærði Oliver Kristjánsson krefst vægustu refsingar sem lög leyfa, hæfilegra málsvarnarlauna til handa verjanda og að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

### **Málsatvik**

- 6 Samkvæmt gögnum lögreglu bárust lögreglu upplýsingar, þann 1. ágúst 2020, um að ákærðu Oliver og Z væru stödd á Akureyri í þeim tilgangi að selja fíkniefni. Fylgt hafi skjáskot af Telegram reikningi ákærðu Z með svohljóðandi texta: „Akureyri athugið! Algjörlega vangefinn gulur meth!! Beint úr beljunni verður roslega þæginlegur og dópaður, villt ekki missa af þessu!!!“ Upplýsingar hafi verið um að þau dveldu í Airbnb íbúð við [...] ásamt fólki að nafni X og Y.
- 7 Lögregla hafi grennslast fyrir um hvaða íbúð væri að ræða og þar sem upplýsingarnar hafi verið metnar áreiðanlegar hafi verið afráðið að fara á staðinn og kanna hvort þetta ætti við rök að styðjast. Ákærðu hafi öll verið á staðnum er lögreglu bar að garði. Þeim hafi verið tilkynnt að þau væru handtekin, grunuð um fíkniefnamisferli og gefinn kostur á að framvísa fíkniefnum. Skráð er að ákærða Z hafi vísað á kannabisefni í krukku í eldshússkáp og ákærða Y á tóbaksblandað kannabisefni í svörtu hylki í herbergi hennar og ákærða X. Ákærði X, sem hafi verið skráður leigutaki, hafi samþykkt leit í íbúðinni. Við leit hafi fundist ætluð fíkniefni sem hafi verið tekin til rannsóknar. Skýrslur hafi verið teknar af ákærðu á vettvangi og þau látin laus að þeim loknum.

### **Framburðir ákærðu og vitna**

- 8 Ákærða Y kvaðst hafa farið með meðákærða X, kærasta sínum, og vinum sínum til Akureyrar að skemmta sér. Þau hafi öll komið saman norður og allan tímann verið saman í íbúðinni. Hún hafi verið með efni til eigin nota, um það bil 30 grömm af spítta og kókaín. Þau hafi öll neytt fíkniefna nema X, sem noti ekki slík efni, hann hafi aðeins neytt áfengis. Hún hafi vitað að hin væru með einhver fíkniefni en ekki hvað eða hve mikið, hver hafi séð um sig. Þá kvaðst hún ekkert hafa vitað um auglýsinguna, ekkert um fíkniefni í blómapotti og kvað engan hafa komið til á staðinn til að kaupa fíkniefni.
- 9 Ákærði X kvað þau vinina hafa komið til Akureyrar að djamma, öll saman í bíl. Hann hafi neytt áfengis og ekki vitað um neyslu hinna. Hann hafi vitað að meðákærða Y reykti gras en ekki annað. Honum hafi ekki verið kunnugt um fíkniefnin sem fundust í íbúðinni.
- 10 Ákæra Z kvað þau hafa komið norður í frí. Hún hafi verið í neyslu á þessum tíma og verið með 1,35 grömm marjúana og rúmlega eitt gramm af tóbaksblönduðu. Hún hafi ekki vitað um neyslu hinna í hópnum, hún skipti sér ekki af öðrum. Hún hafi sjálf ekki notað amfetamín og ekki vitað af amfetamíni þarna. Hún kvað meðákærða Oliver vera kærasta sinn. Hann hafi ekki verið með síma meðferðis og því fengið hennar síma lánaðan. Hún hafi ekki spurt hann til hvers hann hygðist nota síma hennar. Kvaðst hún

hafa haft Telegram reikning vegna eigin neyslu. Oliver hafi notað þann reikning en hún enga vitneskju haft um það.

- 11 Ákærði Oliver kvað þau hafa haldið til í íbúðinni, enda verið samkomutakmarkanir vegna covid 19 á þessum tíma. Hann kvaðst hafa tekið með sér um 40 grömm af amfetamíni og líklega verið búinn að nota um 3 grömm þegar lögreglan kom. Hann muni ekki hvar hann hafi geymt efnin. Hann hafi sett inn umrædda auglýsingu í síma meðákærðu Z þar sem hann hafi ekki verið með síma. Hún hafi ekki vitað af því og hann hafi ekki sagt henni til hvers hann hygðist nota símann. Hann kvaðst ekkert hafa selt. Aðspurður um hvort hann hafi ætlað að koma efnunum í verð svaraði hann: „Ekkert sérstaklega, þannig sko“, hann hafa bara vantað pening fyrir pizzu. Hann kvað tilgang þess að vera með vigt hafa verið til að „overdosa“ ekki. Ákærði kvaðst ekki hafa velt fyrir sér hvort þau hin væru með fíkniefni og aðspurður hvort hann hefði séð þau neyta slíkra efna, svaraði hann: „ekkert þannig.“ Þá kvaðst hann hafa falið neyslu sína fyrir kærustu sinni, meðákærðu Z. Hún hafi ekki vitað um efnin sem hann hafði meðferðis.
- 12 Lögreglumaður nr. 0507 kvað upplýsingar um auglýsinguna hafa borist lögreglu að morgni þessa dags. Lögregla hafi komist að því að fólkið væri í umræddri íbúð og hafi farið á staðinn. Hann hafi sjálfur ekki farið með og ekki hitt ákærðu. Hann kvað ekki hafa verið fylgst með umferð við húsið áður og ekki hafa verið staðfest að sala færi þar fram.
- 13 Lögreglumaður nr. 1937 kvað tilkynningu hafa borist um að þar væri að selja fíkniefni á þessum stað. Vitnið hafi farið þangað ásamt rannsóknarlögreglumanni. Stúlka hafi komið til dyra og henni verið kynnt tilefni komu þeirra. Þeim hafi verið boðið að framvísa efnunum áður en húsleit færi fram, sem þau hafi gert. Vitnið hafi ekki leitað heldur annast skráningu þess sem fannst. Meira hafi fundist en þau hafi framvísað. Þá kvaðst vitnið hafa fylgst með skýrslutökum. Hann kvaðst minna að allir símar hafi verið teknir, og að þau hafi öll verið með síma. Kvaðst hann ekki vita hvort símarnir voru rannsakaðir, slíkt sé í höndum rannsóknardeildar. Vitnið kvað ákærðu ekki hafa verið skilin að við skýrslutökurnar.
- 14 Lögreglumaður nr. H1477 kvaðst hafa farið á staðinn ásamt fleiri lögreglumönnum eftir ábendingu um mögulegt fíkniefnamisferli. Þar hafi verið tekið á móti þeim og öll viðstödd verið beðin um að setjast í stofunni. Þau hafi framvísað einhverjum fíkniefnum en að auki hafi þar fundist meira, meðal annars í frysti. Vitnið kvaðst hafa ritað leitarskýrslu. Hann kvað ástand sakborninga hafa verið þökkalegt og þau hafi ekki virst vera undir áhrifum. Vitnið kvaðst ekki hafa séð sölu fíkniefna. Þá viti hann ekki hvers vegna ekki liggi ekki fyrir myndir af vettvangi.
- 15 Lögreglumaður nr. 0244 kvað viðstöddum hafa verið tilefni afskipta lögreglu við komu þeirra á staðinn, og að þau væru handtekin. Tvö þeirra hafi framvísað fíkniefnum en meira fundist við leit. Vettvangsskýrslur hafi verið teknar af þeim öllum, hald verið lagt á síma og þau svo látin laus. Vitnið kvaðst ekki vita hvort símarnir hafi verið rannsakaðir í kjölfarið, hann hafi skömmu síðar farið í veikindaleyfi. Vitnið kvaðst minna að þau hafi öll verið í ágætu ástandi, annars hefðu skýrslur ekki verið teknar. Vitnið kvað fyrstu

upplýsingar hafa borist klukkan 12:40 og þau verið handtekin klukkan 15:15. Aðspurður kvað hann ástæðu þess að ákærðu voru ekki skilin að fyrir skýrslutökur líklega vera þá að lögreglumennirnir hafi ekki áttað sig á því á vettvangi hve mikið magn efna þetta var. Hann kvað ekki hafa verið sett vakt við húsið áður en farið var í aðgerðir, þær hafi byggst á tilkynningunni. Tveir aðilar hafi verið nefndir í tilkynningunni, Oliver og Z.

### Niðurstaða

- 16 Ákærðu er gefið að sök að hafa haft 83,31 gramm af amfetamíni, 1,35 grömm af marjúana, 0,20 grömm af kókaíni og 1,35 grömm af tóbaksblönduðu kannabisefni í sameiginlegum vörslum í söluskyni.
- 17 Samkvæmt 108. gr. laga nr. 8/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærðu og atvik sem telja má þeim í óhag á ákærvaldinu og verða þau því aðeins sakfelld að nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. sömu laga.
- 18 Skýrslur voru teknar af ákærðu öllum saman á vettvangi og var um að ræða útfyllingu á eyðublöðum fyrir vettvangsskýrslu vegna fíkniefnamisferlis. Þar kvittar ákærða Y upp á að eiga gras í eldshúsi, tóbaksblandað kannabis, spítt í ísskáp og kúlu af kókaíni. Í efnaskýrslu sem er merkt með nafni ákærðu Y segir að um hafi verið að ræða 1,35 grömm af tóbaksblönduðu kannabisefni, 0,20 grömm af kókaíni og 33,91 gramm af amfetamíni í ísskáp. Ákærði X kvaðst í vettvangsskýrslu ekkert kannast við efnin, engin efnaskýrsla er tengd honum og bar honum og meðákærðu Y saman um að hann neytti ekki fíkniefna. Ákærða Z kvaðst eiga kannabis í krukku inni í eldhúsi en ekki annað. Í efnaskýrslu merktri henni er tilgreint 1,35 grömm af marjúana. Í vettvangsskýrslu kvaðst ákærði Oliver eiga amfetamínkúlu í stofu og sykur í skálum. Í efnaskýrslu merktri honum eru tilgreindar 10 einingar af amfetamíni, samtals 9,65 grömm, en einnig 110,12 grömm af óþekktu hvítu efni. Að auki er svo ein efnaskýrsla þar sem tilgreind eru 39,75 grömm af amfetamíni en engin frekari grein gerð fyrir því í gögnum málsins.
- 19 Samkvæmt gögnum málsins voru símar ákærðu Y og Z haldlagðir, sem og tveir símar ákærða X. Ekkert er hins vegar að finna í gögnum málsins um rannsókn á sínum ákærðu. Þá var lagt hald á umbúðir og vog á náttborði í herbergi ákærðu Z og Oliver.
- 20 Engar myndir af vettvangi og frágangi efnanna eru í gögnum málsins og því ófært að meta hvort efnin voru öllum sjáanleg eða vel falin. Þá er skráning á afstöðu ákærðu til þeirra efna sem fundust ruglingsleg, og virðist til að mynda enginn hafa verið spurður um 39,75 grömm af amfetamíni sem fannst í stofu. Að áliti dómsins hefur ákærvaldinu ekki tekist að færa sönnur á það að ákærðu hafi hvert um sig haft vitneskju um önnur fíkniefni en þau hafa játað fyrir dómi að hafa haft í vörslum sínum.
- 21 Með vísan til játninga ákærðu Y og Z fyrir dómi, og tilgreiningu á magni efna í efnaskýrslum, verður talið sannað að ákærða Y hafi haft í vörslum sínum 0,20 grömm af kókaíni og 33,91 gramm af amfetamíni og að ákærða Z hafi haft í sínum vörslum 1,35 grömm af marjúana og 1,35 grömm af tóbaksblönduðu kannabisefni.

- 22 Ákærði Oliver kvaðst fyrir dóminum hafa haft meðferðis um 40 grömm af amfetamíni, og hafa verið búinn að taka um 3 grömm þar af þegar lögregla kom. Í vettvangsskýrslu kvaðst hann eiga kúlur í stofu og kemur það heim og saman við efnaskýrslu með hans nafni þar sem eru tilgreind alls 9,65 grömm af amfetamíni í tíu einingum. Eins og að framan greinir fundust, samkvæmt efnaskýrslu, einnig 39,75 grömm af amfetamíni sem engin frekari grein er gerð fyrir í gögnum málsins. Ekki liggur skýrt fyrir hvað af efnunum þeim sem fundust á vettvangi ákærði Oliver gekkst við, fyrir dóminum, að hafa haft í sínum vörslum, en hann svaraði því þó ákveðið að hann hefði átt um 37 grömm af amfetamíni þegar lögregla kom á staðinn. Verður talið sannað á grundvelli játningarinnar að hann hafi haft 37 grömm af amfetamíni í sínum vörslum en að ákærvaldinu hafi ekki tekist að færa sönnur á vörslur umfram það.
- 23 Ákærði X hefur staðfastlega neitað því að hafa haft vitneskju um fíkniefnin og verður ekki talið að ákærvaldinu hafi tekist að sanna aðkomu hans að málinu.
- 24 Fyrir liggur framangreind auglýsing af reikningi ákærðu Z á samskiptamiðlinum Telegram. Ber henni og ákærða Oliver saman um að hann hafi sett þessa auglýsingu þar inn án hennar vitundar. Engin frekari rannsókn var gerð á því hvort sala færi þarna fram, til að mynda var hvorki fylgst með því hvort einhver umferð væri að húsinu né virðast símar ákærðu hafa verið skoðaðir þótt þeir hafi verið haldlagðir. Aðspurður um hvort hann hafi ætlað að selja efnin svaraði ákærði Oliver: „Ekkert sérstaklega, þannig sko“, hann hafi bara vantað pening fyrir pizzu. Þá kannaðist hann við að hafa átt vigt sem hald var lagt á og kvaðst hafa verið með hana til að taka ekki of stóran skammt. Með vísan til umræddrar auglýsingar, framburðar ákærða Olivers og meðákærðu Z, og þess að ákærði Oliver hafði umrædda vog meðferðis, verður talið sannað að ákærði Oliver hafi haft ásetning til að selja að minnsta kosti einhvern hluta efnanna. Ekki verður hins vegar talið að ákærvaldinu hafi tekist að færa sönnur á að önnur ákærðu hafi átt þátt í fyrirhugaðri sölu.
- 25 Samkvæmt öllu framangreindu verða ákærðu Y og Z sakfelldar fyrir vörslur fíkniefna og ákærði Oliver fyrir vörslur fíkniefna í söluskyni. Ekki er fallist á að þau hafi farið saman með vörslur efnanna. Er háttsemin rétt færð til refsíákvæða í ákæru. Ákærði X verður sýknaður af kröfum ákærvalds.

### **Ákvörðun refsingar, annarra viðurlaga og sakarkostnaðar**

- 26 Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærða Y ekki áður sætt refsingu sem hefur áhrif á ákvörðun refsingar í máli þessu. Refsing hennar er ákveðin 415.000 króna sekt til ríkissjóðs. Skal 24 daga fangelsi koma í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms að telja.
- 27 Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærða Z ekki áður sætt refsingu sem hefur áhrif á ákvörðun refsingar í máli þessu. Refsing hennar er ákveðin 62.000 króna sekt til ríkissjóðs. Skal 6 daga fangelsi koma í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms að telja.

- 28 Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins var ákærði Oliver, 4. júlí 2016, dæmdur í átta mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár fyrir líkamsárás. Þann 22. mars 2017 var hann dæmdur til refsingar fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni og umferðarlögum. Var dómurinn frá júlí 2016 tekinn upp og dæmdur með og honum gert að sæta fangelsi í níu mánuði. Þann 22. nóvember 2017 var ákærða gert að sæta fangelsi í fimm mánuði fyrir innflutning fíkniefna til söludreifingar. Þá var hann, 20. desember 2017, dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir rán og líkamsárás. Þann 18. febrúar 2019 var ákærða veitt reynslulausn í eitt ár, á eftirstöðvum 170 daga refsingar framangreindra dóma frá 2017. Reynslutími var því liðinn þegar ákærði framdi það brot sem hann er nú sakfelldur fyrir. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði.
- 29 Að kröfu ákæruvalds, og með vísan til 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 verða gerð upptæk þau efni er í dómsorði greinir.
- 30 Ekki er annar sakarkostnaður í málinu en málsvarnarlaun verjenda ákærðu. Er fjárhæð málsvarnarlauna verjenda ákveðin með hliðsjón af eðli og umfangi málsins og tilgreind að virðisaukaskatti meðtöldum.
- 31 Ákærði X er sýknaður af kröfum ákæruvalds og greiðast málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans því úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.
- 32 Ákærðu Y og Z eru, hvor um sig, sakfelldar fyrir vörslur þeirra efna sem þær gengust fyrir dómi, sem er nánast það sama og á vettvangi, en sýknaðar af því að hafa haft vörslur umfram það og að þær hafi haft í hyggju að selja efnin. Verða málsvarnarlaun verjenda þeirra því einnig greidd úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.
- 33 Ákærði Oliver er sakfelldur fyrir að hafa haft vörslur efnanna í söluskyni, en þó umtalsvert minna magn en honum er gefið að sök í ákæru. Verður honum gert að greiða 2/3 hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Arnbjörg Sigurðardóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

#### **D ó m s o r ð :**

Ákærða, Y, greiði 415.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 24 daga.

Ákærði, X, er sýkn af kröfum ákæruvalds.

Ákærða, Z, greiði 62.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 6 daga.

Ákærði, Oliver Kristjánsson, sæti fangelsi í tvo mánuði.

Gerð eru upptæk 83,31 gramm af amfetamíni, 1,35 grömm af maríjúana, 0,20 grömm af kókaíni, 1,35 grömm af tóbaksblönduðu kannabisefni og 110,12 grömm af óþekktu hvítu efni.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu Y, Einars Odds Sigurðssonar lögmanns, 558.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða X, Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmans, 558.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu Z, Jóns Egilssonar lögmans, 558.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Oliver greiði 372.000 krónur í sakarkostnað, þ.e. 2/3 hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmans, sem í heild nema 558.000 krónum.